

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Sandamýri í Biskupstungum.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í henni felst færsla á byggingarreit 2 til austurs í landinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. september 2023.

Deiliskipulag frístundabyggðar, Efri-Reykir.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 26 frístundalóðum á um 23 ha svæði innan skipulagsreits F73 í aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Stærðir lóða innan svæðisins eru á bilinu 6.000-8.000 fm og gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða fari ekki umfram 0,03. Heimilt er að byggja sumarhús, gestahús og geymslu innan nýtingarhlutfalls.

Samþykkt í sveitarstjórn 31. maí 2023.

Deiliskipulag bæjartorfu, Böðmódsstaðir.

Deiliskipulagið tekur til bæjartorfunnar að Böðmódsstöðum 4. Innan deiliskipulagsins er m.a. gert ráð fyrir núverandi húsakosti á jörðinni auk þess sem gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir geymslu/skemmu, þremur íbúðarhúsum með aukahúsum á lóð, ásamt gróðurhúsi og tengdum byggingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 13. október 2023